

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands.

1. gr.

Tilgangur.

Í samræmi við gildandi fjármálaáætlun og fjárlög er starfræktur Jafnréttissjóður Íslands. Tilgangur Jafnréttissjóðs Íslands er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að stuðla að jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu. Við mat á umsóknum skal einkum líta til verkefna og rannsókna á eftirtöldum sviðum:

- a. verkefni sem eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu,
- b. verkefni sem varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af jafnrétti,
- c. verkefni sem er ætlað að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum,
- d. verkefni sem stuðla að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi,
- e. verkefni sem stuðla að fræðslu og forvarnastarfi fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni og einelti og orðræðu sem ýtir undir slíkt,
- f. verkefni sem stuðla að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífss, kláms og kynbundins ofbeldis,
- g. verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu á vörnum og samræmdum viðbrögðum við ofbeldi í nánum samböndum,
- h. þróunarverkefni í skólakerfinu sem er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum,
- i. verkefni sem eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnmálastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess,
- j. rannsóknarverkefni sem eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtið sem fortíð.

2. gr.

Stjórn og skipulag.

Ráðherra jafnréttismála skipar sjóðstjórn, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Einn skal tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Jafnréttissstofu og einn án tilnefningar sem jafnframt er formaður sjóðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Sjóðstjórn annast mat á umsóknum um styrki. Stjórnin setur sér starfsreglur eftir því sem þurfa þykir.

Stjórnsýsla Jafnréttissjóðs Íslands, þ.m.t. varsla sjóðsins og dagleg umsýsla hans, er hjá Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands.

Sérfræðingur á skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu er tengiliður við stjórn sjóðsins og Rannís vegna starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Fjármunir og greiðsluáætlun.

Gera þarf ráð fyrir fjárveitingu til sjóðsins í fjármálaáætlun og er þar gerð grein fyrir því hvaða ár verði úthlutað á tilteknu tímabili. Sjóðstjórn semur greiðsluáætlun fyrir sjóðinn þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við umsýslu hans, fjölda styrkveitinga og fjárhæð þeirra. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins er greiddur úr honum.

4. gr.

Styrkveitingar.

Eins og fram kemur í 3 gr. skal tilgreint í fjármálaáætlun hvaða ár úthlutun eigi að fara fram á hverju fimm ára tímabili en gert er ráð fyrir úthlutun á tveggja ára fresti. Þau ár sem úthlutun fer fram skulu styrkir Jafnréttissjóðs Íslands vera veittir 19. júní. Sjóðstjórn ákveður fjölda styrkja og að meginstefnu til skulu styrkirnir veittir til verkefna og rannsókna á þeim sviðum sem tilgreind eru í 1. gr. reglnanna.

5. gr.

Auglýsing um styrkveitingar.

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Í auglýsingu skal tilgreina þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og fyrir hvaða tíma þær skuli berast sjóðnum. Í starfsreglum stjórnar Jafnréttissjóðs er kveðið nánar á um efni auglýsingar.

6. gr.

Skyldur styrkþega.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar. Verði breyting á framvindu verkefnis eða rannsóknar skulu styrkþegar tilkynna sjóðstjórn skriflega þar um. Stjórnin tekur afstöðu til þess hvort breyting á framvindu hafi áhrif á styrkveitingu verkefnis eða rannsóknar. Verði misbrestur á eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt er heimilt að fara fram á endurgreiðslu styrksins. Sé styrks ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar fellur hann niður. Niðurstöður verkefna og rannsókna sem hlotið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðstjórnar.

7. gr.

Meðferð umsókna.

Farið er með allar umsóknir og fylgigögn sem trúnaðarmál. Upplýsingar um verkefni og reikninga skulu undanþegnar trúnaðarskyldu nema trúnaðar sé sérstaklega óskað og sjóðstjórn samþykki. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

8. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Reikningsár Jafnréttissjóðs Íslands er almanaksárið. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga sjóðsins.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 340/2019 um úthlutun styrkjá úr Jafnréttissjóði Íslands.

Forsætisráðuneytinu, 28. janúar 2021.

Katrín Jakobsdóttir.

Bryndís Hlöðversdóttir.